

## FW: ÚTHLUTUN - Ísafjarðarbær - Byggðakvóti 2019/2020

**Til** : Guðmundur Gunnarsson;Þórdís Sif Sigurðardóttir;Hjördís Þráinsdóttir  
**Frá** : Almennur póstur  
**Heiti** : FW: ÚTHLUTUN - Ísafjarðarbær - Byggðakvóti 2019/2020  
**Málsnúmer** : 2019090036  
**Málsaðili** : Atvinnuvega- og nýsköpunarráðun  
**Skráð dags** : 30.12.2019 15:11:02  
**Höfundur** : Almennur póstur

**Viðhengi** [Ísafjarðarbær.pdf](#)[Ísafjarðarbær.pdf](#)  
[2019-12-30\\_14-18-25\\_SO.tif](#)[2019-12-30\\_14-18-25\\_SO.tif](#)

### Tinna Ólafsdóttir, upplýsingafulltrúi

450 8038 – [tinnaolafs@isafjordur.is](mailto:tinnaolafs@isafjordur.is)

**From:** Sigurbjörg Óladóttir

**Sent:** mánudagur, 30. desember 2019 14:23

**To:** Ísafjarðarbær

**Subject:** Fw: ÚTHLUTUN - Ísafjarðarbær - Byggðakvóti 2019/2020

Tilvísun í mál: ANR19100249

## Bréf

Ísafjarðarbær  
Pósthólf 56  
400 Ísafjörður

, 30. desember 2019  
ANR19100249

### Efni: ÚTHLUTUN - Ísafjarðarbær - Byggðakvóti 2019/2020

Vísað er til umsóknar um byggðakvóta fyrir fiskveiðiárið 2019/2020.

Samkvæmt reglugerð nr. 675/2019, um úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiarinu 2019/2020, hefur sjávarútvegs og landbúnaðarráðuneytið allt að 5.374 þorskígildislestum af botnfiski til að ráðstafa til byggðarlaga sem falla undir skilyrði a. og b. liðar í 1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar. Ráðuneytið hefur fjallað um umsókn sveitarfélagsins og sbr. 4. gr. reglugerðarinnar fellur í hlut sveitarfélagsins sem hér segir:

<b>Flateyri</b>	<b>300 þorskígildislestir</b>
<b>Hnífsdalur</b>	<b>207 þorskígildislestir</b>
<b>Ísafjörður</b>	<b>140 þorskígildislestir</b>
<b>Suðureyri</b>	<b>192 þorskígildislestir</b>
<b>Þingeyri</b>	<b>281 þorskígildislestir</b>

Reglugerð nr. 676/2019, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2019/2020, gildir um úthlutun byggðakvóta til einstakra fiskiskipa. Megintilgangur þeirra er að tryggja að fiskiskip sem gerð eru út frá tilteknum byggðarlögum, og landað

hafa afla þar, fái hlut í byggðakvótanum sem landað er til vinnslu í viðkomandi byggðarlagi. Frá þessum almennu reglum er heimilt að víkja samkvæmt tillögum hlutaðeigandi sveitarstjórna enda rökstyðji sveitarstjórnir tillögur sínar og sýni fram á að skilyrði sem hún leggur til séu byggð á málefnalegum og staðbundnum ástæðum. Ráðuneytið beinir þeim tilmælum til bæjar- og sveitarstjórna að horfa til þeirrar mögulegu verðmætaaukningar og atvinnusköpunar sem hafa má af byggðakvóta, ef reglur um ráðstöfun byggðakvótans verða mótaðar og minnir á að megintilgangur byggðakvóta er að stuðla að aukinni atvinnusköpun í viðkomandi byggðarlagi.

Vilji sveitarstjórn leggja til við ráðuneytið að sett verði sérstök skilyrði varðandi úthlutun byggðakvóta sveitarfélagsins eða einstakra byggðarlaga skal hún skila rökstuddum tillögum sínum til ráðuneytisins **eigi síðar en 27. janúar 2020. Tillögur sem berast eftir þann tíma verða ekki teknar til greina.**

Fiskistofa annast úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á grundvelli þeirra reglna sem um það gilda. **Sérstaklega er vakin athygli á leiðbeiningum Fiskistofu um byggðakvóta 2019/2020 sem birtar voru á vefsíðu Fiskistofu þann 21. október sl.**

Fyrir hönd sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

---

Kristján Skarphéðinsson